

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi vegna Stekkjarbyggðar, frístundabyggðar í Lundi, Fnjóskadal.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur þann 27. september 2007 í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í stækkun á áður skipulögðu svæði fyrir frístundabyggð. Hið nýja skipulagssvæði er um 16,4 ha að stærð og liggur norðan núverandi frístundabyggðar og skammt sunnan túna og mannvirkja í Lundi og austan Lundsskógarveggar sem liggur í gegn um Lundsskóg.

Breytingin gerir ráð fyrir lóðum fyrir 26 frístundahús, svæði fyrir 8 til 10 smáhýsi og reit fyrir golfskála, en áætlað er að byggja upp golfvöll á jörðinni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Kjarna, 22. nóvember 2007.*

**Sigbjörn Gunnarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2007